


Hvers vegna varð forgangsröðunaraðferð fyrir valinu?

Talningaraðferð sem ekki hefur verið beitt áður hérlendis verður notuð við kosningu til stjórnlagabings 27. nóvember 2010. Aðferðin nefnist *Single Transferable Vote* (STV) á ensku. Aðferðin hefur verið nefnd *forangsröðunaraðferð* á íslensku og vísar heitið til þeirrar athafnar kjósendans að forgangsráða frambjóðendum þess lista sem hann kýs með númerum. Það heiti hefur sama keim og annað enskt heiti sem gjarnan er notað um þessa og hliðstæðar aðferðir, *Preference Voting*. Það er mikilvægur eiginleiki aðferðarinnar að vannýtt atkvæði eru færð milli frambjóðenda í samræmi við forgangsröðun kjósenda.



Kosning til stjórnlagabings er persónukosning; frambjóðendur bjóða sig ekki fram í nafni samtaka, þeir eru ekki á listum. Unnt er að útfæra slíka persónukosningu með margvíslegum hætti. Á 1. mynd má sjá eins konar ættartré slíkra aðferða.

Merking með krossi við einstaka frambjóðendur er í senn einföld og auðskilin aðgerð fyrir kjósendann, sérstaklega ef nota á fáa krossa, t.d. aðeins einn. Uppgjörsaðferðin er líka einföld, einungis þarf að telja saman krossana. Nota mætti fleiri en einn kross, t.d. 25. Merking með krossum er þó á vissan hátt flatneskjuleg, þar sem kjósendinn leggur alla sem hann velur að jöfnu. Það þrengir möguleika kjósenda til að hafa áhrif á endanlega samsetningu þingliðsins. Hvort sem krossarnir eru margir eða fáir er viðbúið að mikill meirihluti atkvæða væri í reynd óvirkur. Annars vegar getur það gerst með því að kjósendi krossi við einhvern sem er fjarri því að ná kjöri. Hins vegar kann þessi eftirlætisframbjóðandi kjósendans að vera vinsæll og fá fjölda atkvæða umfram það sem þarf til að ná kjöri. Í báðum tilvikum kann kjósendinn að iðrast þess að hafa þá ekki varið atkvæði sínu á einhvern frambjóðanda sem var á mörkum þess að ná kjöri. Það sem verra er er að kjósendur kynnu að hugsa á þennan veg í kjörklefanum. Frambjóðandi sem flestir væru sammála um að ætti erindi á þingið fengi þá e.t.v. fá atkvæði af því að of margir hugsi sem svo að ekki sé þörf á því að eyða atkvæðinu á hann.


Takmörkunum merkingar með krossum má lýsa með einföldu líkani sem sýnt er á 2. mynd. Hver súla sýnir atkvæðatölu eins frambjóðanda, en gert er ráð fyrir að þeir séu 200. Raunar skiptir ekki sköpum í þessu dæmi hvort þeir eru 100 eða fleiri. Súlnum er raðað eftir hæð. Græni hluti fyrstu 25 súlnanna sýnir atkvæðatölu þess 25., þess sem síðastur nær kjöri. Gulu súlurnar sýna umframfylgi þeirra frambjóðenda sem kjöri náðu, en þær rauðu fylgi þeirra sem ekki náðu kjöri.

Segja má að bæði atkvæðin sem svara til gulu og rauðu súlnanna hafi farið í súginn. Hlutfall þeirra grænu af heildartölunni er 38% en það eru þau atkvæði sem réðu kjöri allra 25 fulltrúanna.

Súlurnar eru láttnar lækka um 4% frá einni súlu til þeirrar næstu. Þessi hlutfallstala er valin þannig að hún sýni kosningu með krossum í sem fegurstu ljósi, þ.e. að hlutfall grænu súlnanna (38%) sé sem hæst. Niðurstaðan (38%) breytist þó næsta lítið fyrir breitt bil af þessum stærðarmun súlnanna, allt á milli 3–5% hreyfir vart niðurstöðutöluna.

Vitaskuld yrðu atkvæðasúlurnar í raunverulegum kosningum ekki eins reglubundnar og hér er sýnt en það breytir heldur ekki heildarmyndinni, sem er sú að þeir sem kjöri ná í kosningu með krossum gera það að tilstuðlan minni hluta kjósenda.

2. mynd: Hugsanleg dreifing atkvæða í kosningum með krossum til stjórnlagaþings



Vægisröðun, sem líka er kennd við *Borda*, sbr. 1. mynd, er sú aðferð sem lengst af hefur verið beitt í íslenskum kosningalögum (ásamt með útstríkun, sem má þó einnig túlka sem vægisröðun þar sem vægið er núll). Margir þekkja stigagjöf í evrópsku söngvakeppninni. Henni svipar mjög til slíkrar vægisröðunar. Fæstir kjósendur munu átta sig á því að með röðuninni séu þeir í raun að útdeila stigum eða vögtölum og því síður hafa þeir yfirsýn yfir samspil þessara talna. Þannig kunna margir að líta svo á að einungis fyrstu röðunartölurnar skipti máli og því saki ekki að ráðstafa frekari stigum. En safnast þegar saman kemur og þeir frambjóðendur sem sanku að sér miðlungstölum kunna að safna upp drjúgu atkvæðavægi að lokum.

Forgangsröðun (STV) er afar markviss og rökrétt aðferð til að fanga óskir kjósenda. Segja má með nokkrum sanni að tekið sé tillit til allra óska, að ekkert atkvæði fari forgörðum. Aðferðin kann

þó að þykja flókin, ekki sjálf kosningarathöfnin heldur uppgjörið. Með tilstyrk tölvutækni er talningin þó einföld í framkvæmd. Unnt er að gera gangverkið í aðferðinni skiljanlegt kjósendum með einföldum hætti þar sem grunnhugsunin er rökrétt, enda þótt sjálf reikniskústin sé talsverð.

Aðferð forgangsröðunar (STV) er að sjálfsögðu ekki gallalaus fremur en aðrar aðferðir við uppgjör á röðunaróskum kjósenda. Aldrei verður á allt kosið í þeim efnum. Nóbelsverðlaunahafinn Kenneth J. Arrow hefur sannað að ekki sé til nein aðferð til að komast að niðurstöðu um rökréttan vilja kjósenda án innri mótsagna. Unnt er að búa til dæmi um að frambjóðandi geti misst af sæti við að fá aukið fylgi undir forgangsröðunaraðferðinni. Sá galli er á fjölmörgum kosningaaðferðum. Núgildandi lög um kosningar til Alþingis eru t.d. með þeim meinbugum.